



VAÐLAHEIÐARGÖNG



Samningur

um framlag Vaðlaheiðarganga hf. til búnaðarkaupa hjá Slökkviliði Akureyrar og Þingeyjarsveitar vegna Vaðlaheiðarganga.

1. gr.

Markmið samnings

Vaðlaheiðargöng hf., kt. 700311-0310, og Akureyrarbær, kt. 610169-6229 og Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640, vegna Slökkviliðs Akureyrar og Þingeyjarsveitar (hér eftir nefnt Slökkvilið) hafa undanfarin misseri farið yfir öryggismál í nýjum Vaðlaheiðargögum og drög að viðbragðsáætlun. Aðilar eru sammála um að til þess að ná ásættanlegu öryggi hvað varðar bruna og slys í göngunum þurfi að efla þann búnað sem slökkviliðið hefur yfir að ráða.

2. gr.

Vaðlaheiðargöng eru á starfssvæði Slökkviliðs Akureyrar og Þingeyjarsveitar og munu málefni ganganna falla undir Slökkviliði í samræmi við verksvið þess, sbr. lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Slökkvistöðvar eru á Akureyri og Laugum. Á Akureyri er sólarhringsvakt og er stöðin í um 7 km fjarlægð frá gangamunna í Eyjafirði og 14,5 km í gangamunna í Fnjóskadal ef farið er í gegnum göngin en 28 km ef ekið er Víkurskarðið. Frá Laugum er um 35 km fjarlægð að gangamunna í Fnjóskadal.

Framlög samkvæmt 3. gr. byggja á því að ekki verði um að ræða greiðslur vegna æfinga og/eða námskeiða og/eða annars reksturs slökkviliðsins.

3. gr.

Fjárfamlög

Vaðlaheiðargöng hf. skuldbinda sig til að veita Slökkviliðunum framlag að fjárhæð kr. **80 milljónir króna**, vegna Vaðlaheiðarganga. Framlögin eru háð eftirfarandi skilmálum:

1. Fjárfamlag verði notað til innkaupa á tækjum og búnaði, vegna starfa á vettvangi. Ákvarðanataka um kaup á búnaði er endanlega í höndum Slökkviliðsins og getur þar verið um að ræða kaup á nýjum búnaði og/eða endurnýjun á eldri búnaði.
2. Fjárhæð framlags vegna einstakra kaupa, skal taka mið af kostnaði Slökkviliðsins, þegar dregin hefur verið frá áætluð endurgreiðsla virðisaukaskatts eins og við á.
3. Greiðslur framlagsins verða inntar af hendi eftir því sem innkaupum vindur fram. Slökkviliðið skal leggja fram reikninga fyrir kostnaði eða staðfestingu á pöntun búnaðar, svo sem í formi áætlunar eða samþykks tilboðs í búnað.
4. Aðilar skulu með samráði sín á milli stefna að því að framlag skuli greitt samhliða því að Slökkviliðið skuldbindur sig til kaupa á búnaði, en í síðasta lagi 21 degi eftir að Vaðlaheiðargögum hafa verið send viðhlítandi gögn og ósk um greiðslu. Greiðsla framlags skal fara fram óháð því hvort greiðslur Slökkviliðs vegna kaupa séu gjaldfallnar, m.a. til að framlag geti tekið mið af gengi gjaldmiðla þegar pöntun er gerð.

Áætluð innkaup felast í búnaði sem ákveðinn er af slökkviliðsstjórum sem og kostnaðaráætlun á búnaðarsamantekt sbr. 4. gr. Nokkurn tíma tekur að fá allan búnað, sérstaklega bifreiðarnar, en gert er ráð fyrir afhendingu eigi síðar en júní 2019. Afhending á búnaði hefur þó ekki áhrif á rekstur og opnun Vaðlaheiðarganga.

Slökkviliðsstjóri er ábyrgður fyrir innkaupum á þessum búnaði og skal gæta ýtrustu hagkvæmni við þau. Engu að síður þarf slökkviliðsstjóri að gera ráð fyrir að þurfa bregðast við og breyta innkaupaáætlun ef

D. J.
V.M.



verð breytast og eða upp koma önnur frávik. Skal hann upplýsa Vaðlaheiðargöng hf. um það ef breytingar verða á áætlun skv. 4. gr. og eftir atvikum leita samþykkis ef um verulega breytingu er að ræða. Fjárhæðir geta breyst á milli liða.

4. gr.

Búnaðarsamantekt og áætlunar kostnaður

| Röð | Búnaður / lýsing | Fjöldi | Staðsetning | Verðáætlun |
|-----|---|--------|----------------|------------------|
| 1 | Sérhæfð björgunarbifreið | 1 | Akureyri | 35,0 m.kr |
| 1-a | Reykköfunartæki – Drager 7000 með fjarskiptum | 5 | Akureyri | 3,0 m.kr |
| 1-b | Hitamyndavél | 2 | Akureyri | 2,0 m.kr |
| 1-c | Fjarskipti – Motorola MTP6550 + bílstöð | 6 | Akureyri | 0,6 m.kr |
| 2 | Sérhæfð björgunarbifreið | 1 | Þingeyjarsveit | 35,0 m.kr |
| 2-a | Reykköfunartæki – Drager 7000 með fjarskiptum | 5 | Þingeyjarsveit | 3,0 m.kr |
| 2-b | Hitamyndavél | 2 | Þingeyjarsveit | 2,0 m.kr |
| 2-c | Fjarskipti – Motorola MTP6550 + bílstöð | 6 | Þingeyjarsveit | 0,6 m.kr |
| | | | Heild | 81,2 m.kr |

5. gr.

Ágreiningsmál og vanefndir

Verði ágreiningur um þennan samning eða einstök ákvæði hans skulu aðildar reyna sættir og jafna ágreining sín á milli. Reynist nauðsynlegt að reka dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Telji aðilar samnings að vafi leiki á að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum skal tilkynna það samningaðila svo fljótt sem auðið er.

Vaðlaheiðargögum hf. er heimilt að fresta, draga úr eða stöðvagreiðslur sem og að krefjast endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt, uppfylli Slökkvilið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Áður en kemur að þeim úrræðum ber Vaðlaheiðargögum hf. að senda Slökkviliðinu viðvörun, þar sem krafist er úrbóta.



6. gr.

Gildistími samnings

Samningur tekur gildi við undirritun og markmið aðila er að kaupum á búnaði verði lokið fyrir 1. júlí 2019.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningur í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili undirrituð eintaki.

Til staðfestingar öllu ofanrituðu, rita aðilar nöfn sín undir samning þennan.

Staður og dagsetning

Aturayri 18.7.2018

F.h. Vaðlaheiðarganga hf.

Valgi Þor

F.h. Akureyabæjar

lukur Þor

F.h. Þingeyjarsveitar

Dagbjot Hinsd.

Vitni

Aðalr Þor Jónasson 090552-4239
Linda M. Sigurðardóttir 260183-3899